

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2008, fimmtudaginn 11. sept. var haldinn 288. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 08:50.
Mættir: Benedikt Geirsson formaður, Egill T. Jóhannsson, Sigurður Guðmundsson, Páll Grétarsson, Ingvar Jónsson. Björn Árni Ólafsson og Ingi Þór Hermannsson.
Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóra og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar.
2. Lagður fram undirritaður þjónustusamningur milli sveitarfélaga dags. 21. júlí 2008.
3. Lagt fram 7 mánaðar uppgjör.
Bragi Þór Bjarnason fjármálastjóri sat fundinn undir þessum lið.
4. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 11. sept. sl. um framkvæmdir á skíðasvæðum.

kl. 09:40 vék Ingi Þór Hermannsson af fundi.
5. Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR kom á fundinn um ræddi um skipulagsmál í Skálafelli og Bláfjöllum. Unnið er að deiliskipulagi fyrir bæði svæðin.
6. Rætt um fráveitumál í Bláfjöllum. Framkvæmdastjóra falið að skoða þessi mál.

kl. 10:00 vék Egill T. Jóhannsson af fundi.
7. Samþykkt að fundartími verði 2. fimmtudagur í mánuði.. Næsti fundur verður 9. október.
8. Rætt um auglýsingatökur á skíðasvæðum m.t.t. tryggingamála og fleiri þátta.
9. Framkvæmdastjóra falið að hafa skíðasvæðin tilbúið til opunar í byrjun nóvember og verði búinn að tryggja sér starfskraft sem til þarf.

Fundi slitið kl. 10:20.

Benedikt Geirsson

Páll Grétarsson
Sigurður Guðmundsson

Björn Árni Ólafsson
Ingvar Jónsson